

## Aðalfundur Leiksteins 2023

25.10.23 kl. 20:30

Á fundinn eru mætt, Kristín Eva og Siggí, Matthildur og Oddgeir, Gestur, Hulda, Anna Greta, Aðalheiður og Davíð, Celina, Jóna Þórunn, Lórey Rán, Melissa og Ingvar, Sigfús og Helena, Hróðný og Eiríkur, Ásta og Guðfinna

- Anna Greta ávarpar fundinn og vill endilega að umræða skili sér inn í leikskólann. Hún býður foreldrum að hafa samband eða hringja ef spurningar vakna.  
Anna Gréta fer af fundi að þessum lið loknum.

Formlegur aðalfundur hefst

- Skýrsla um starfsemi félagsins. Farið yfir viðburði og annað sem foreldrafélagið hefur staðið fyrir, tölum um gott samstarf milli foreldrafélagsins og starfsfólk leikskólans í tengslum við skipulagningu viðburða.
- Hróðný fer yfir fjármál félagsins yfir árið
- Kosning til stjórnar
  - Melissa kemur inn í stað Huldu
  - Hróðný og Kristín endurkjörnar.
- Skoðunarmenn reiknings – fara yfir ársreikning félagsins (áður voru Guðfinna og Óli Freyr)
  - Jóna Þórunn og Celina eru kosnir nýir skoðunarmenn
- Félagsgjöld – stjórnin leggur til að halda sömu félagsgjöldum
  - Það er samþykkt
- Önnur mál
  - Sóttum um styrk til Krónunnar í annað sinn fyrir Bambahúsi eigum eftir að fá svar
  - Stjórn foreldrafélagsins hefur lagt áherslu á að það þurfi að bæta við viðbragðsáætlun Leikhólts um kynferðislega áreitni og kynbundna áreitni/ofbeldi. Bókun um þetta hefur komið fram á skólanefndarfundum.
  - Foreldrar tala um að þau sakna **upplýsingaflæðisins** – ef Facebook á að hætta, hvað tekur við? Upplýsingar á Facebook hafa minnkað og er það bagalegt.
    - Foreldrar vilja fá samskiptaforrit (t.d. Karellen eða sambærilegt), Sveitarfélagið ætti að greiða þetta app til leikskólans, það væri í takt við tímann
    - Myndi auðvelda svo mörg samskipti í leikskólanum eins og t.d. matseðill, lög sem er verið að syngja, föt sem vantar, einhver lasin osfrv
  - Sandkassar: ætti að skipta um sand í sandkassanum árlega m.v. reglugerðir, sandkassinn subbulegur (risa stór kattasandur) og spýtur orðnar hættulegar
  - Leikskólalóðin orðin þreytt, sumt hættulegt
    - Tölum um leikskólalóðina
    - Viljum að á nýrri lóð verði skemmtileg leiktæki
    - Nauðsynlegt að fara að halda áfram með leikskólalóðina

- Tölum um skólamál. Okkar börn munu fyrr eða síðar fara í grunnskóla. Hvað finnst okkur foreldrum um þetta?
  - Okkur finnst furðulega að þessu staðið
  - Höfum ekki heyrt frá neinum sem eru ánægðir með þetta
  - Byrjað á algjörlega vitlausum enda og mikil afturför
  - Rætt um stærð árganga og að fyrst ætti að sjá að fólksfjölgun skili sér og fjölgi börnum í viðeigandi bekkjum áður en ákveðið er að hafa fámenna bekki á unglíngastigi í Þjórsárskóla.
  - Ættum við að láta eitthvað í okkur heyra?
  - Hugmynd um að senda sveitarstjórn bréf frá foreldrafélagi Leiksteins og foreldrar sem vilja skrifa undir
- Ræðum um sjónvarpsnotkun á Vörðufelli – börnin tala oft um það heima að þau séu að horfa á sjónvarpið í leikskólanum
- Söknum þess að fá kynningu af starfsfólki á síðuna. Einu sinni kom mynd af nýjum starfsmanni og hann kynntur inni á Facebook hópnum. Nú er t.d. kominn nýr starfsmaður en foreldrar vita ekki hver það er, hvernig viðkomandi lítur út eða hver það var sem fólk sá á leikskólanum og á hvaða deild viðkomandi starfar.
- Veltum fyrir okkur þrifum á gólfi, gólfir eru oft mjög óhrein (mikill sandur)
- Þurrskápar (mætti nota meira/illa hirtir)
- Mikil ánægja með skiptifatamarkaðinn
  - Stefnum að því að halda annan eftir jóla eða þegar fer að vora
- Viljum endilega heyra frá foreldrum um hugmyndir að nýjum upptökum sem foreldrafélagið gæti haldið
- Góðar breytingar eiga sér stað innan leikskólans. Það sem komið er lítur vel út.

Fundi slitið kl. 21:48.

Fundargerð ritaði Kristín Eva.